

Ed.

958. Frumvarp til laga

[509. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Til tryggingar vaxtabréfum og öðrum skuldbindingum deildarinnar er:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum,
2. varasjóður deildarinnar,
3. ábyrgð Búnaðarbankans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. október 1983 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að athuga stöðu veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og gera tillögur um lausn á fjárhagsvanda deildarinnar. Formaður nefndarinnar var skipaður Stefán Pálsson, bankastjóri.

Nefndin skilaði álit í lok maímánaðar 1984. Kemur þar fram, að veðdeildin hafi vegna lánveitinga til jarðarkaupa, er deildin annaðist til ársloka 1978, tekið lán, oft með innlendri verðtryggingu eða gengisákvæðum, sem síðan hafi verið lánuð út með föstum kjörum. Útlánskjörin hafi hins vegar reynst ófullnægjandi fyrir veðdeildina, en lánskjör þeirra lána, sem veðdeildin hafi tekið, lágu ekki fyrir þegar kjör útlána voru ákveðin. Innlend verðbólguþróun og framvinda gengismála reyndist og önnur en gert hafi verið ráð fyrir.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um veðdeild Búnaðarbanka Íslands er gert ráð fyrir að til tryggingar vaxtabréfum veðdeildarinnar, sem deildin gaf m. a. út vegna þeirra lántaka sem að framan greinir, séu:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Enn fremur segir í 2. mgr. sömu greinar, að ef þörf krefji, skuli taka til trygginganna í þeirri röð sem að ofan greinir. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir því í lagagreininni, að eigur Búnaðarbankans séu til tryggingar vaxtabréfunum.

Með hliðsjón af öllum atvikum lagði nefndin til að í þessu tilviki yrði fjárhagsvandi veðdeildarinnar leystur af ríkissjóði og Búnaðarbankanum í sameiningu. Ríkissjóður tæki að sér að greiða afborganir og vexti af verðtryggðum og gengistryggðum lánnum sem Framkvæmdasjóður Íslands hafði veitt veðdeildinni, en þær skuldir námu kr. 9 763 091 í reikningum deildarinnar við áramót 1983 og falla til greiðslu árin 1984—1992. Búnaðarbankinn tæki hins vegar að sér að greiða það sem á vantaði, þ. e. kr. 11 534 987.

Að fengnum tillögum nefndarinnar féllst fjármálaráðuneytið á að taka að sér greiðslu afborgana og vaxta af þeim lánnum sem Framkvæmdasjóður hafði veitt veðdeildinni, sbr. það sem að ofan greinir. Samþykki fjármálaráðuneytisins var þó háð því skilyrði, að lögum nr. 34/1979 um veðdeildina yrði breytt á þann veg að Búnaðarbankinn bæri beina ábyrgð á öllum skuldbindingum deildarinnar. Með frumvarpi þessu er lagt til að þessi breyting verði gerð á lögnum. Samkvæmt lögum nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands ber ríkissjóður hins vegar einfalda ábyrgð á skuldbindingum Búnaðarbankans. Í frumvarpi til laga um viðskiptabanka, sem liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að sú skipan mála verði óbreytt.

Með lögum nr. 89/1984 var yfirstjórn Búnaðarbankans flutt til viðskiptaráðherra. Í samræmi við þá breytingu er það viðskiptaráðherra sem flytur frumvarp þetta.